

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 14. nóvember 2024
UST202410-014/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýtt deiliskipulag - Birkilundur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Stykkishólms er barst 2. október sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Birkilundur.

Í erindinu kemur fram að Birkilundur er nú þegar að hluta til byggt frístunda- og íbúðarhúsum. Svæðið er samtals 55,4 ha og tekur aðalskipulagsbreytingin til 9,4 ha. Með breytingunni verður landnotkun á hluta svæðisins breytt úr frístundabyggð og landbúnaði í 2,8 ha verslunar- og þjónustusvæði fyrir rekstrarleyfisskyld útleiguhús og svæði fyrir íbúðarbyggð er stækkað um 6,6 ha og landbúnaðarsvæði og frístundabyggð minnkað.

Auk þess segir að í deiliskipulaginu eru settir fram skilmálar fyrir 16,2 ha íbúðarbyggð með 16 lóðum, 36,4 ha frístundabyggð með 39 lóðum og 2,8 ha verslunar- og þjónustusvæði fyrir 15 rekstrarleyfisskyld útleiguhús.

Birki

Í greinargerð kemur fram að birkiskógur innan skipulagssvæðisins falli ekki undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að svo stöddu.

Samkvæmt b.lið 1. mgr. 61. gr. framangreindra laga njóta sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun telur að birkiskógurinn geti notið sérstakrar verndar, m.a. vegna aldurs¹, en stofnunin bendir á að Land og Skógur (Skógræktin) hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir: „*Sauraskógur er eini teljandi birkiskógurinn í Helgafellssveit. Hann er sérstaklega fallegur og skemmtilegur vitnisburður um gróðurfar eins og það líklega var fyrir árhundruðum, þar sem skiptast á blautir eða hálfblautir flóar á milli kjarrivaxinna ása.*“

¹ <https://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3>

Auk þess segir (bls. 106): „Hinn forni upprunalegi Sauraskógur um 50 ha er í eigu Skógræktar ríkisins.“

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.

Ekki er mikið um birkiskóga innan sveitarfélagsins og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að hugað sé að vernd þeirra og aukinni útbreiðslu þeirra og að skoðuð sé önnur svæði fyrir utan skóginn fyrir uppbyggingu verslunar, íbúðarsvæðis og frístundabyggðar. Einnig þarf að koma fram í tillögunni stefna sveitarfélagsins varðandi vernd og endurheimt birkiskóga innan sveitarfélagsins.

Mótvægisáðgerðir

Í greinargerð segir að áhersla sé lögð á að vernda birkikjarr á framkvæmdatíma og beita mótvægisáðgerðum í tilvikum þar sem brýn nauðsyn kallar á rask eða eyðingu trjágróðurs með því að gróðursetja sambærilega miklum náttúruskógi annarsstaðar á lóðum, á skipulagssvæðinu eða innan sveitarfélagsins í samráði við Land og skóg og Frístunda- og íbúðarhúsfélagið í Birkilundi. Mótvægisáðgerðir geti falist í útplöntun eða sáningu þannig að upp komist skógur sbr. 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Sé um að ræða 60-100 ára gamlan skóg er ekki nægilegt að gróðursetja/sá sambærilega miklum skógi og tapast hefur og þarf ávallt að skoða vel hvert tilvik fyrir sig að höfðu samráði við Land og skóga.

Umhverfisstofnun bendir á að það þurfi að koma fram í tillögunni hvaða svæði komi til greina til að fara í endurheimt á birkiskógi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ekki verði plantað í votlendisfláa umhverfis framkvæmdarsvæðið í stað þess skóglendis sem nauðsynlegt verður að raska.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Í stefnu og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 segir m.a. náttúruskógar og votlendi eru mikilvæg vistkerfi margra lífverutegunda og líffræðilegrar fjölbreytni í víðara samhengi. Þau geyma einnig mikið magn kolefnis, ekki síst í jarðvegi. Þessum vistkerfum hefur verið raskað verulega og er vernd þeirra því einn af hornsteinum gróður- og jarðvegsverndarstarfs á Íslandi. Mikilvægt er að vernda þær skógarleifar og náttúruskóga sem fyrir eru og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra með sjálfsáningu. Mikill ávinningur er af slíkri vernd fyrir líffræðilega fjölbreytni og uppbyggingu jarðvegs

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli

einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.²

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.³⁴

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolebreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

³ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolebreytni-til-framtidar>

⁴ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolebreytileika-hrakar-i-Nordastur-Atlantshafi/>